

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Reykjavík

  
UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	7.5.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás	Fulltrúi UST	
Heimili	Klettagörðum,	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4205981319	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ásmundur Einarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	Staðsetning	360615,942 408599,18

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfest í eftirlitinu en engar athugasemdir gerðar. Frávikið varðar breytingu á rekstri, þ.e. úrvinnsla sjónvarpstækja fer fram utan athafnasvæðis rekstraraðila í Klettagörðum.

## UMFANG EFTIRLITS

Á fundi var farið yfir frávik síðustu ára, skráningar spilliefna, meðhöndlun olíusía, eftirlit með úrgangsmagni á athafnasvæði hverju sinni, upplýsingar um magn og tegund úrgangs árið 2012, daglegar skráningar í samræmi við ákv. starfsleyfis, vinnulýsingar voru skoðaðar, mælingar á fráveituvatni og mótvægisaðgerðir vegna hás blýmagns í fráveituvatni síðustu ár ræddar. Að fundi loknum var farið í eftirlitsskoðun á athafnasvæði rekstraraðila.

### Frávik frá

ákv. 1.6 í starfsleyfi um tilkynningaskyldu til starfsleyfis veitanda um breytingu á rekstri og ákv. 1.1 í starfsleyfi, hvað varðar staðsetningu starfsemi.

### Lýsing á fráviki

Rekstraraðili hóf og starfrækir sundurhlutun túbusjónvarpa utan athafnasvæðis síns í Klettagörðum, þ.e. í húsi við Kjalarvog Rvk. Hvert starfsleyfi er bundið við ákveðin/þó svæði, enda þarf að meta umhverfisáhrif af viðkomandi starfsemi miðað við umhverfisaðstæður.

## ANNAÐ

Fram kom á fundinum í eftirlitinu að rekstraraðili íhugi stækkun starfsleyfis þar sem móttaka spilliefna jókst talsvert á síðasta ári. Vert er að vekja athygli á að starfsleyfisútgáfa er nokkuð tímafrek og hægt að búast við að vinnsla þess taki 6-8 mánuði eftir að fullnægjandi umsókn berst

Reykjavík, 12.08.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.